
LANDMÓTUN OG STÆKKUN JAÐARSVALLAR AKUREYRI

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 16. apríl 2019 lagði Akureyrarbær fram frummatsskýrslu um landmótun og stækkun Jaðarsvallar á Akureyri til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 3. maí 2019 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 3. maí til 14. júní 2019 í ráðhúsinu á Akureyri, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, Akureyrarbæjar og EFLU verkfræðistofu.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Þann 2. ágúst 2019 lagði Akureyrarbær fram matsskýrslu og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Landmótun og stækkun Jaðarsvallar á Akureyri. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Akureyrarbær og EFLA, mars 2019.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Akureyrarbæ með tölvupósti dags. 12. júní 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 5. júní 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 22. maí 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 27. maí 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. maí 2019.

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma frummatsskýrslu.

Matsskýrsla: Landmótun og stækkun Jaðarsvallar á Akureyri. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Akureyrarbær og EFLA, ágúst 2019.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdin feli í sér haugsetningu á um 500.000 m³ af jarðvegi á næstu 20-30 árum vegna stækkunar núverandi golfvallar á Jaðri. Framkvæmdin felst einnig í landmótun og frágangi svæðisins.

Markmið framkvæmdarinnar er tvíþætt. Það er að finna stað fyrir þann jarðveg sem til fellur vegna framtíðaruppbyggingar í suðurhluta bæjarins og að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu á



starfsemi golfvallarins að Jaðri í samræmi við stefnu Akureyrarbæjar í aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 um eflingu tómstunda- og íþróttasvæða í bænum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími verði 20-30 ár, allt eftir hraða framkvæmda í bænum. Samkvæmt deiliskipulagi er golfvallarsvæðið um 90 ha og framkvæmdasvæðið sem hér um ræðir um 18,5 ha af því. Framkvæmdasvæðið er vestan núverandi golfvallar og því skipt í þrjá hluta og vinnslutímabil. Fyrsti áfangi er miðhlutinn og vinnslutími áætlaður 5-10 ár, annar áfangi er norðurhlutinn og vinnslutími áætlaður 10-15 ár og þriðji áfangi suðurhlutinn og vinnslutími áætlaður 5-10 ár. Svæðin verða um 5,5 til 7 ha hvert og efnismagn sem verður komið fyrir á hverju svæði 150 til 200 þúsund m³.

Upplýsingar um gerð jarðvegs sem á að flytja inn á svæðið eru m.a. fengnar úr rannsóknum vegna skipulagsvinnu við Hagahverfi og vegna jarðstrengsleiðar Hólasandslínu sem liggur um suðurhluta svæðisins. Jarðvegurinn er ómengað efni, lífræn mold/mýrajarðvegur, er muni falla til við gatnagerð og uppbyggingu innan bæjarins, einkum nýrra svæða syðst í bænum. Ekki er vitað til þess að nein mengandi starfsemi hafi verið á svæðum sem jarðvegurinn komi af.

Jarðefni verða flutt inn á svæðið á malarflutningabílum og við landmótun og frágang notuð ýmis tæki svo sem dráttarvélar með vagna, gröfur og jarðýtur. Við suðurenda golfvallarins er malarvegur sem flutningar mun fara eftir inn á svæðið og með því komið að mestu í veg fyrir að umferðin fari um íbúðahverfi í Naustahverfi en jarðvegsflutningi mun fylgja ónæði, hávaði og ryk.

Unnin var vinnslu- og frágangsaætlun samhliða mati á umhverfisáhrifum. Í áætluninni er lýst útfærsluatriðum og vinnulagi á framkvæmdatíma, með það að markmiði að lágmarka möguleg umhverfisáhrif. Felur það í sér að gengið verði frá hluta framkvæmdasvæðis áður en framkvæmdir hefjast á öðrum stað t.d. með sáningu á framkvæmdatíma sem sé ætlað að minnka hættu á neikvæðum umhverfisþáttum, t.d. foki jarðefna og áhrifa á landslag og ásýnd.

Að endingu mun framkvæmdasvæðið taka á sig mynd golfvallar. Ljóst er að svæðið verður mishæðótt, langstærsti hluti þess mun hækka, að meðaltali 2,5-3 m en mest allt að 9 m. Á takmörkuðum svæðum mun land lækka miðað við núverandi hæð og gert er ráð fyrir að myndaðar verða tjarnir og lækjarfarvegir innan þess. Búast má við gróðursetningu á ýmsum runnagróðri og grassáningu þar sem golfbrautir verða en endanleg hönnun golfvallarins liggur ekki fyrir.

Umhverfisstofnun bendir á að skilgreina þurfi betur ómengaðan jarðveg, fjalla nánar um samsetningu jarðvegsins sem flytja á inn á svæðið og tryggja að hann sé ómengaður. Enn fremur þurfi að tilgreina hvaðan jarðvegurinn í hverjum áfanga eigi að koma og hvert sé væntanlegt framboð af jarðvegi til verkefnisins.

Í svörum Akureyrarbæjar kemur fram að í matsskýrslu sé fjallað nánar um samsetningu jarðvegs sem flytja á inn á svæðið og bent á að uppruni og magn efnis fari eftir framboði við uppbyggingu í suðurhluta bæjarins.

2.1 Valkostir

Við gerð deiliskipulags Jaðarsvallar voru mismunandi kostir skoðaðir fyrir uppbyggingu innan golfvallarsvæðisins og fólu allar tillögurnar í sér sambærilega landmótun en mismunandi útfærslur á stækkun golfvallarsvæðisins. Tillögurnar náðu allar til mjög áþekks svæðis hvað varðar stærð og staðhætti og megí því ætla að þær hefðu allar sambærileg umhverfisáhrif í för með sér vegna breytinga á röskuðu landbúnaðarlandi í golfvöll.

Núllkosturinn muni hins vegar ekki uppfylla markmið framkvæmdarinnar, þ.e. að finna stað fyrir þann jarðveg sem til fellur vegna framtíðaruppbyggingar og að mæta vaxandi þörfum golfvallarins heldur þyrfti þá að finna nýja staði fyrir hvoru tveggja.



3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Akureyrarbæjar er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og töflu 6.1 í matsskýrslunni. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið varanleg og óafturkræf.

3.1 Gróður og vistlendi

3.1.1 Mat Akureyrarbæjar

Í matsskýrslu Akureyrarbæjar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé framræst landbúnaðarland og helstu gróðurlendi eru graslendi, ræktað land og náma. Þar finnst ekki sjaldgæfar plöntur eða gróðurfélög sem hafi hátt verndargildi en gróður mun breytast á öllu framkvæmdasvæðinu þar sem haugsetning verði. Endanlega mynd golfvallar muni verða gróðurrikt svæði með hefðbundnum golfvallargróðri og vistlendum. Með hliðsjón af umfangi heildarrasks á gróður og vistlendi á svæðinu og mótvægisáðgerðum eru heildaráhrif metin nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en nokkuð jákvæð á rekstartíma.

3.1.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að framkvæmdaraðili telji skekkju í vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað varðar stærð votlendis og bent á að fá álit stofnunarinnar á því. Þá benti stofnunin á að nýta ætti staðargróður við uppgræðslu, þar sem það er hægt, til að fella svæðið betur að landslagi sem fyrir er og stuðla eins og kostur er að líffræðilegri fjölbreytni sem finna megi í íslenskum gróðurvistum.

Í svörum Akureyrarbæjar kemur fram að sáð verði í jarðveg sem fyrst eftir losun og landmótun og stefnt að því að gróðurfar á svæðinu verði sambærilegt og á núverandi golfvelli. Vísað er til þess að Náttúrufræðistofnun staðfesti að ekki sé votlendi á svæðinu heldur ætti það að falla undir vistgerðina þéttbýli og annað manngert land.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að innan framkvæmdasvæðis sé ekki að finna votlendi. Réttara væri að skilgreina svæðið sem þéttbýli og annað manngert land vegna þess rasks sem átt hefur sér stað.

3.1.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni helst hafa áhrif á samsetningu gróðurs á svæðinu. Fram kemur í matsskýrslu að samkvæmt vistgerðarkorti sé að finna á framkvæmdarsvæðinu vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi ásamt því að þrettán af vistgerðunum séu á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnist verndar. Hins vegar, eins og fram kemur hér að ofan bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að svæðið ætti að vera skilgreint sem þéttbýli og annað manngert land. Út frá því telur Skipulagsstofnun að áhrif af völdum framkvæmdarinnar verði óveruleg á vistgerðar þar sem nú þegar er búið að raska landinu. Með komu golfvallarins er líklegt að gróður á svæðinu fjölbreyttari en áður. Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að mikilvægt sé að nýta staðargróður við uppgræðslu til að fella svæðið sem best að landslagi sem fyrir er og tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar verði nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf með tilliti til þeirra vistgerða sem



fari undir haugsetninguna en að áhrifin geti verið lágmörkuð með þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili hefur boðað til í matsskýrslu.

3.2 Fuglalíf

3.2.1 Mat Akureyrarbæjar

Í matsskýrslu kemur fram að í fuglatalningum sumarið 2018 hafi sést 20 tegundir innan framkvæmdasvæðisins, níu nýttu svæðið til varps og sjö aðrar tegundir gætu mögulega nýtt sér það. Sjö tegundir eru ábyrgðartegundir Íslands og fjórar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands en svæðið er ekki innan mikilvægra fuglasvæða og njóti ekki sérstakrar verndar. Áhrifa muni helst gæta á framkvæmdatíma en að honum loknum verði graslendi, runnagróður, tré, tjarnir og lækjarfarvegir búsvæði sem muni að miklu leyti nýtast algengustu fuglategundum sem nýta svæðið nú þegar.

Heildaráhrif sé metin nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en nokkuð jákvæð á rekstartíma.

3.2.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áhrif á fuglategundir sem muni óhjákvæmilega missa búsvæði sín verði talsvert neikvæð.

Í svörum Akureyrarbæjar kemur fram að á framkvæmdatíma verði áhrif á fuglalíf neikvæð rasks við haugsetningu og landmótun en að því loknu verði svæðið gróðurrikt og geti því orðið aðlaðandi fyrir fugla. Runna- og trjágróður muni nýtast spörfuglum, einkum skógarpresti. Óhirt graslendi muni nýtast stelk, hrossagauk og mögulega jaðrakon og tjarnir muni nýtast öndum og jafnvel gæsnum.

3.2.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að með því raski sem verður á búsvæði fugla á framkvæmdartíma, bæði vegna búsvæðamissi og vegna umferðar bíla og vinnuvéla um svæðið verði áhrif á fugla talsvert neikvæð, bein og óafturkræf en þegar framkvæmdum lýkur og uppgræðsla vallarins er komin vel á veg þá er líklegt að það verði til ný búsvæði fyrir fugla á svæðinu.

3.3 Samfélag

3.3.1 Mat Akureyrarbæjar

Umferðaröryggi. Í matsskýrslu kemur fram að núverandi umferð að og um svæðið einskorðist við starfsemi golfvallarins auk jarðvegslosunar sem hafin sé og engin alvarleg umferðarslys tengd henni séu skráð í nálægð við golfvöllinn. Útivistarsvæði sem geti orðið fyrir áhrifum séu í Naustaborgum, reiðstígar umhverfis golfvöllinn og við hesthúsabyggð í Breiðholti.

Loftgæði. Í matsskýrslu kemur fram að áhrif á loftgæði séu vegna svifryks sem myndast við umferð flutningabíla, losun jarðvegs af bílunum, landmótun efnisins og foks úr efnishaugum. Áhrifanna gæti einkum innan framkvæmdasvæðisins, við ákveðinn vindstyrk og þegar þurr er gæti rykfoks mögulega yfir byggð og útivistarsvæði. Heildaráhrif á loftgæði á framkvæmdatíma séu metin nokkuð neikvæð en engin á rekstartíma.

Hljóðvist. Í matsskýrslu Akureyrarbæjar kemur fram að áhrif verði á hljóðvist við efnisflutninga, losun efnisins og landmótun en óveruleg á rekstartíma. Aðkomuleið við efnisflutninga verði að litlu leyti í gegnum byggð og gera megi ráð fyrir að áhrif á hljóðvist muni helst gæta útivistarsvæðum og reiðstígum. Taka þurfi tillit til reglugerðar um hávaða er varðar tíma- og viðmiðunarmörk. Heildaráhrif á hljóðvist á framkvæmdatíma séu metin nokkuð neikvæð en óverulega neikvæð á rekstartíma.

Ásýnd. Í matsskýrslu Akureyrarbæjar kemur fram að svæðið einkennist af gömlum túnum og til þess sjáist frá byggð austan golfvallar, útivistarsvæði Naustaborga, hesthúsabyggð í Breiðholti og ofan



frá Fálkafelli. Við haugsetningu og landmótun muni landið hækka að meðaltali um 2,5 - 3,0 m og verði því sýnilegra en áður. Á framkvæmdatíma séu áhrifin talin verða nokkuð neikvæð en á rekstartíma nokkuð jákvæð.

3.3.2 Umsagnir

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vísar til þess að efnisflutningar og landmótun sé háð starfsleyfi og muni skilyrði einkum lúta að lágmarkun svifryks og hávaða.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi nánar um hvernig dregið verði úr hættu á foki jarðefna úr haugum og hver viðbrögð verði ef mikið fok verði.

Í svörum Akureyrarbæjar er vísað til umfjöllunar í matsskýrslu um vinnslu- og frágangsráttun, aðgerða í tilvikum þar sem fok yrði mikið og vöktunar við efnisflutninga og aðgerða eftir þörfum.

3.3.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að með framkvæmdunum geti orðið tímabundið ónæði af völdum jarðefnafoks á framkvæmdatíma og að það geti haft í för með sér óþægindi fyrir nálæga íbúa. Skipulagsstofnun telur að áhrif á loftgæði geti orðið nokkuð neikvæð en með boðuðum mótvægisáðgerðum verði hægt að lágmarka áhrif vegna foks.

Áhrif af völdum ónæðis getur að mati stofnunarinnar orðið meira en fram kemur í matsskýrslu. Í skýrslunni er sýndur malarvegur sem liggur töluvert fyrir utan byggð og þar með talið að hljóðvistaráhrif verði óveruleg. Í dag er búið að deiliskipuleggja byggð á svæði í nágrenni við aðkomuveg að svæðinu og framkvæmdir hafnar og því ljóst að áhrif af völdum umferðar þungra vörubíla er mun nær byggð en fram kom í matsskýrslu. Af þeim völdum telur Skipulagsstofnun að áhrif af völdum ónæðis geti orðið nokkuð neikvæð, bein og bundin við framkvæmdatíma.

Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif á ásýnd vegna framkvæmdarinnar óveruleg, bein og óafturkræf og á áhrif á umferðaröryggi óveruleg og tímabundin

4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 og haugsetningarsvæðið á Jaðarsvelli flokkað sem íþróttasvæði. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu Hagahverfis (hluti Naustahverfis) fram til 2030 og yrði uppgröftur þaðan fluttur á svæðið. Fyrir liggur deiliskipulag vegna Jaðarsvallar en verið er að gera breytingar á því vegna haugsetningar og landmótunar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna efnislosunar og landmótunar jarðvegs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Í gildi er framkvæmdaleyfi fyrir jarðvegslosun á 49.000 m³ og hefur hluti þeirrar heimildar nú þegar verið nýttur.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Akureyrarbæjar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.



Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif landmótunar og stækkunar Jaðarsvallar felist í áhrifum á fugla. Neikvæð áhrif munu einnig felast í tímabundnu ónæði á nærliggjandi byggð vegna umferðar og vegna mögulegs foks á framkvæmdartíma en á rekstartíma golfvallarins verði áhrifin einna helst vegna breyttrar ásýndar svæðisins.

Skipulagsstofnun telur að fylgjast þurfi með áhrifum vegna foks á framkvæmdartíma og bregðast við ef áhrifin verða meiri en áætlað er.

Skipulagsstofnun telur að fylgjast þurfi með áhrifum af völdum ónæðis í byggð sem liggur næst vegi sem ætlað er notast við til að komast inn á svæðið og ef ónæði verður mikið þá þurfi að binda flutninga við tiltekinn tíma dags.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif landmótunar og stækkunar Jaðarsvallar vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar og mótvægisáðgerða sem gerð er grein fyrir í matskýrslu Akureyrarbæjar.

Reykjavík, 6. mars 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson